

13. gr.

Gildistaka.

- 13.1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 53 29. maí 1981 um loðdýrarækt, lögum nr. 77 1. október 1981 um dýralækna og búfjárræktarlögum nr. 31 24. apríl 1973, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.
- 13.2. Ákvæði reglugerðar um búfjársæðingar nr. 226 13. ágúst 1969 gilda ekki um sæðingar loðdýra skv. þessari reglugerð.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. apríl 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 445 29. október 1986
um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða
verðlagsárið 1987–1988.**

1. gr.

3. tl. 7. gr. orðist þannig:

Þá skal engum framleiðanda sauðfjárafurða ætlaður meiri fullvirðisréttur en nemur innleggi hans innan búmarks það verðlagsáranna 1984/1985 og 1985/1986, er innleggið var meira, sbr. þó 9. gr. Til innleggs skal einnig reikna staðfesta líflambasölu framleiðanda, enda hafi hann selt a. m. k. 10 líflömb hlutaðeigandi verðlagsár. Framangreinda hámarkstölu er Framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að lækka, hafi framtöldum sauðkindum hlutaðeigandi framleiðanda skv. forðagæsluskýrslu fækkað um meira en 20% frá hausti 1983 til hausts 1985, enda hafi þær verið fleiri en 100 haustið 1983. Skal þá lækka hámarkstöluna um eina ærgildisafurð fyrir hverja sauðkind, sem um hefur verið fækkað umfram áður nefnd 20%.

2. gr.

9. gr. orðist þannig:

Fullvirðisrétti sem ekki er ráðstafað skv. 8. gr. er viðkomandi búnaðarsambandi heimilt að ráðstafa til framleiðenda sem um það sækja og uppfylla einhver eftirtalinnu skilyrða:

1. Framleiðendur sem orðið hafa fyrir einstaklingsbundnum áföllum í sauðfjárrækt, svo sem vegna sauðfjársjúkdóma og annarra orsaka, þannig að innlegg þeirra á verðlagsárunum 1984/85 og 1985/86 eftir ásettan fjárstofn telst vera óeðlilega lítið miðað við afurðir næstu tvö verðlagsár á undan.
2. Framleiðendur sem framleiddu minna en 400 ærgildisafurðir mjólkur og sauðfjárafurða verðlagsárið 1985/1986 og höfðu meirihluta tekna sinna af mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt skv. síðasta skattframtali.
3. Framleiðendur sem tekið hafa í notkun ný fjárhús og/eða hlöður, stækkuð fjárhús eða endurnýjuð að meirihluta eftir 1. september 1983 eða stofnað til félagsbús eftir 1. janúar 1983.
4. Framleiðendur sem teljast frumbýlingar, þ. e. hafa hafið búskap eftir 1. janúar 1983.

Umsókn, studd staðfestum upplýsingum um búskaparaðstöðu, skal senda viðkomandi búnaðarsambandi fyrir 1. október 1987. Búnaðarsamband tilkynnir umsækjendum og Framleiðsluráði landbúnaðarins afgreiðslu umsókna fyrir 30. nóvember 1987.

Búnaðarsambandi er heimilt að fela Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast fyrir sína hönd framangreinda ráðstöfun á grundvelli tillagna, sem sambandið gerir til ráðsins.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra heimilt að ráðstafa allt að 13 500 ærgildisafurða fullvirðisrétti til aðila sem uppfylla einhver skilyrða 1.—4. töluliðar þessarar greinar. Skulu þeir aðilar að öðru jöfnu sitja fyrir, er hafa verið að byggja upp fjárstofn sinn á umliðnum 5 árum og hafa sauðfjárrækt að aðalavinnu.

Þeim aðilum, sem veittur er aukinn fullvirðisréttur skv. síðustu mgr., er óheimilt að ráðstafa honum á annan hátt en með eigin innleggi kindakjöts í afurðastöð. Nú nýtir framleiðandi ekki þennan fullvirðisrétt, allan eða hluta hans, og skal hinn ónýtti hluti fullvirðisréttarins þá falla niður.

3. gr.

10. gr. orðist þannig:

Nú nýtir framleiðandi ekki fullvirðisrétt sinn með innleggi kindakjöts í afurðastöð fyrir 15. nóvember 1987, með sölu og/eða leigu skv. 13. gr., eða hefur gert staðfest samkomulag við afurðastöð um að nýta hann með innleggi síðar á verðlagsárinu 1987/1988. Hinum ónýtta fullvirðisrétti skal ráðstafað þannig á meðan endist:

- a) til þess fyrst að tryggja það að óráðstafaður fullvirðisréttur skv. 9. gr. nemi 3% af samanlögðum fullvirðisrétti hlutaðeigandi búmarkssvæðis,
- b) síðan samkvæmt ákvæðum 1.—4. töluliðar 9. gr.,
- c) til þess síðan að mæta þeim viðbótarfullvirðisrétti, sem framleiðendur á búmarkssvæðinu hafa nýtt, sbr. síðustu mgr. 9. gr.
- d) Sé enn afgangur, skal hann ganga til annarra svæða og notast þar skv. c-lið þessarar greinar og í samræmi við ákvæði c-liðar 5. gr.

4. gr.

Í stað 2. mgr. 12. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi, og verði 2., 3. og 4. mgr. og núgildandi 3. mgr. verði 5. mgr.:

Nú eru líflömb seld af búmarkssvæði vegna fjárskipta að opinberum fyrirmælum. Er þá hlutaðeigandi búnaðarsambandi heimilt að meta hin seldu líflömb til jafngildis fullvirðisréttar og fara með samkvæmt eftirfarandi reglum:

Jafngildi fullvirðisréttar er fundið sem þungi seldra líflamba $\times 0,4$. Summa þess skal lögð við fullvirðisrétt skv. 1. málslíð 9. gr. og verða til ráðstöfunar skv. henni. Frá lágmarks fullvirðisrétti framleiðanda, sbr. 8. gr., þess sem selt hefur líflömb, skal draga fullvirðisrétt, er jafngildir þunga hinna seldu líflamba.

Búnaðarsamband tilkynnir Framleiðsluráði fyrir 1. september 1987 hvort það hyggst nota heimild þessa. Sauðfjárskjúkdómanefnd skal tilkynna Framleiðsluráði og hlutaðeigandi búnaðarsambandi um sölu líflamba á búmarkssvæðinu vegna fjárskipta fyrir 1. nóvember 1987. Framleiðsluráð reiknar út og tilkynnir búnaðarsambandi og framleiðendum jafngildi hinna seldu líflamba í fullvirðisrétti fyrir 10. nóvember 1987.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. apríl 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.